



---

## Landsnet – Spá um storm og sviptivinda suðaustan- og síðar einnig austanlands 22.11. 2017 kl. 20:30

### **Almennt yfirlit**

Óvenju langt tímabil með stormi og sviptivindum sunnan Vatnajökuls og síðar einnig austan Hafnar veldur vindálagi og hættu á samslætti eða truflunum á Prestbakkalínu og Hólalínu frá því í nótt og fram á laugardagsmorgunn. Á Austfjörðum er síðan einkum á föstudag útlit fyrir NNV 20-25 m/s og álag þvert á línur þar. Fylgjast þarf líka með mögulegri slyddu á Kópaskerslínu, einkum á föstudag, sem og Vopnafjarðarlínu. Hitinn kemst rétt upp fyrir frostmark á láglandi, en mögulega er heldur kalt fyrir slydduísingu. Að síðustu getur selta borist á land við Tjörnes og yfir hins nýju Þeistareykjalínu.

### **Nánar um veðurútlitið**

Það sem er sérstakt við þennan hvell er hve lengi veður helst vont eða á þriðja sólarhring. Mjög líklega teppast vegir vegna hríðar og blindu meira og minna frá Vestfjörðum og austur á Austfirði frá því í fyrramálið. Eins eru lokanir þjóðvegarins austan Markarfljóts til Hafnar mjög líkleg á morgun og austan Hafnar á föstudag. Eftir nokkurra daga stanslausu N-átt verður mikil alda norður af landinu. Selta blandast éljunum í hita við frostmark. Seltuálag er vel þekkt á Tjörnesi á slíðum nýju línunnar frá Þeistareykjum.

### **Veðurviðvörðun**

Spáð er stormi og langvarandi sviptivindum suðaustanlands. Hætt er við samslætti eða öðrum truflunum í nótt og á morgun frá Prestbakka að Hólum og á föstudag einnig á milli Hóla og Vopnafjarðar.

---

Einar Sveinbjörnsson  
857-1799

